

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar, nr. 980/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 39. gr. samþykktarinnar:

Við A-lið bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. *Öldungaráð*. Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafn mörgum til vara. Ráðið skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis um málefni eldri íbúa sveitarfélagsins og hafa frumkvæði að tillögugerð á þeim vettvangi.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 3. nóvember 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.